

# Seyðisfjarðarkaupstaður

---

Ársreikningur

---

**2017**

Seyðisfjarðarkaupstaður  
Hafnargötu 44  
710 Seyðisfjörður  
kt. 560269-4559

---

# Seyðisfjarðarkaupstaður

---

Ársreikningur

---

2017

---

## Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6-7
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Heildaryfirlit um rekstur	9
Efnahagsyfirlit	10-11
Skýringar	12-25

---

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Til bæjarstjórnar Seyðisfjarðarkaupstaðar

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seyðisfjarðarkaupstaðar á árinu 2017, efnahag hans 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Seyðisfjarðarkaupstað í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber bæjarstjórn og bæjarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitungum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflun fullnægjandi endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álitum okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Egilsstöðum, 14. maí 2018.

**Deloitte ehf.**

  
Hólmgrímur Bjarnason  
endurskoðandi

# Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Seyðisfjarðarkaupstaðar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 968,4 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 895,6 milljón króna. Rekstrartekjur A hluta námu 741,5 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 707,6 milljónum króna.

Álagningarhlutfall útsvars var 14,52% sem er lögbundið hámark þess. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði nam 0,625% sem er lögbundið hámark, og 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis, sem einnig er lögbundið hámark.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var jákvæð um 123,6 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 5,7 milljónum króna jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 51,7 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 23,3 milljón króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok er jákvætt um 301,5 milljónir króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af var eigið fé A hluta jákvætt um 342,7 milljónir króna.





Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 402,0 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 49,6 stöðugildum.

Íbúafjöldi Seyðisfjarðar 31. desember 2017 var 674 sem er fjölgun um 21 íbúa.

Ársreikningur Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2017 er tilbuinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn.

Seyðisfirði, 5. apríl 2018







Bæjarstjóri:

  
Bæjarráð:  
  
  


Bæjarstjórn Seyðisfjarðar staðfestir hér með ársreikning Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Seyðisfirði, 14. maí 2018

Bæjarstjórn:


# Rekstrarreikningur ársins 2017

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2017	Áætlun	2016	2017	Áætlun	2016
<b>Tekjur</b>						
	4					
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs .....	428.404	433.547	401.270	428.404	433.547	401.270
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	135.579	115.288	120.325	135.579	115.288	120.325
Aðrar tekjur .....	177.525	158.783	152.350	404.481	346.739	330.072
	<u>741.508</u>	<u>707.618</u>	<u>673.944</u>	<u>968.464</u>	<u>895.574</u>	<u>851.666</u>
<b>Gjöld</b>						
Laun og annar starfsmannakostnaður .....	5	369.135	364.084	338.532	401.339	392.921
Breyting lífeyrisskuldbindinga .....		30.446	39.500	39.465	30.446	39.500
Annar rekstrarkostnaður .....		269.544	298.652	260.496	331.766	360.869
		<u>669.125</u>	<u>702.236</u>	<u>638.493</u>	<u>763.551</u>	<u>793.290</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir</b>		72.383	5.382	35.451	204.913	102.284
Afskriftir .....	7	(16.056)	(17.884)	(19.010)	(47.014)	(45.746)
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði</b>		56.327	(12.502)	16.441	157.899	58.645
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	6	<u>(4.620)</u>	<u>(10.780)</u>	<u>(6.521)</u>	<u>(34.276)</u>	<u>(52.994)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u>51.706</u>	<u>(23.282)</u>	<u>9.920</u>	<u>123.623</u>	<u>50.531</u>

# Efnahagsreikningur

## Eignir

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
<b>Fastafjármunir</b>					
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>	7				
Fasteignir .....		529.466	487.315	742.996	628.131
Hafnarmannvirki .....				174.405	160.467
Veitumannvirki og gatnakerfi .....		70.956	73.145	218.064	224.724
Vélar, áhöld og tæki .....		29.501	27.379	35.753	33.978
		<u>629.923</u>	<u>587.839</u>	<u>1.171.218</u>	<u>1.047.300</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>					
Eignarhlutar í félögum .....	8	87.253	87.253	88.157	88.157
Langtímakröfur .....	9	8.202	9.443	8.202	9.443
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....		20.159	24.302		
		<u>115.615</u>	<u>120.999</u>	<u>96.360</u>	<u>97.601</u>
<b>Fastafjármunir</b>		<u>745.538</u>	<u>708.838</u>	<u>1.267.577</u>	<u>1.144.901</u>
<b>Veltufjármunir</b>					
<b>Skammtímakröfur</b>	10				
Óinnheimtar tekjur .....		65.502	46.208	87.822	79.981
Aðrar skammtímakröfur .....		6.102	7.308	23.252	7.308
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....		4.565	4.314		
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....		168.922	19.887		
		<u>245.090</u>	<u>77.718</u>	<u>111.073</u>	<u>87.288</u>
<b>Handbært fé</b>	10				
Bankainnstæður .....		72.269	88.532	72.273	88.544
		<u>72.269</u>	<u>88.532</u>	<u>72.273</u>	<u>88.544</u>
<b>Veltufjármunir</b>		<u>317.359</u>	<u>166.250</u>	<u>183.346</u>	<u>175.833</u>
<b>Eignir</b>		<u>1.062.897</u>	<u>875.088</u>	<u>1.450.923</u>	<u>1.320.733</u>

# 31. desember 2017

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2017	31.12.2016	31.12.2017	31.12.2016
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé .....	11	342.743	274.537	301.544	161.421
<b>Eigið fé</b>		<u>342.743</u>	<u>274.537</u>	<u>301.544</u>	<u>161.421</u>
<b>Skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbindingar .....	12	313.741	302.570	313.741	302.570
		<u>313.741</u>	<u>302.570</u>	<u>313.741</u>	<u>302.570</u>
<b>Langtímaskuldir</b>					
	13				
Skuldir við Lánasjóð sveitarfélaga .....		101.456	116.773	293.677	340.725
Skuldir við aðrar lánastofnanir .....		113.227	124.297	421.185	448.600
Næsta árs afborganir .....		(28.460)	(36.725)	(78.711)	(93.233)
		<u>186.223</u>	<u>204.346</u>	<u>636.150</u>	<u>696.091</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir .....		56.070	22.957	78.235	27.290
Skuldir við eigin fyrirtæki.....		98.397			
Aðrar skammtímaskuldir.....		37.263	33.953	42.542	40.127
Næsta árs afborganir langtímalána.....	13	28.460	36.725	78.711	93.233
		<u>220.190</u>	<u>93.635</u>	<u>199.488</u>	<u>160.651</u>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>		<u>720.154</u>	<u>600.551</u>	<u>1.149.380</u>	<u>1.159.313</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>1.062.897</u>	<u>875.088</u>	<u>1.450.923</u>	<u>1.320.733</u>



# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
		2017	Áætlun	2016	2017	Áætlun	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>							
Niðurstaða ársins .....		51.706	(23.282)	9.920	123.623	5.651	50.531
<b>Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:</b>							
Reiknaðar afskriftir .....	7	16.056	17.884	19.010	47.014	43.639	45.746
Reiknaðir rekstrarliðir .....		0	0	1.436	0	0	1.436
Verðbætur og gengismunur .....		2.843	7.679	4.648	11.270	28.971	14.552
Breyting á lífeyrisskuldb. ....	12	27.473	39.500	39.465	27.473	39.500	39.465
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<b>98.078</b>	<b>41.781</b>	<b>74.480</b>	<b>209.380</b>	<b>117.761</b>	<b>151.729</b>
<b>Breytingar á skammtímalíðum:</b>							
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		(19.626)	0	5.816	(25.324)	0	(275)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		36.824	(14.000)	(12.113)	53.760	(14.000)	(13.068)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<b>115.275</b>	<b>27.781</b>	<b>68.183</b>	<b>237.816</b>	<b>103.761</b>	<b>138.387</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>							
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm. ....	7	(41.640)	(18.000)	(15.810)	(154.431)	(55.800)	(55.375)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	7	0	0	590	0	0	590
Skuldabréfaeign, breyting .....		1.959	0	1.925	1.959	0	1.925
Langtímakröfur, breyting .....		4.314	4.445	4.063	0	0	0
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<b>(35.367)</b>	<b>(13.555)</b>	<b>(9.232)</b>	<b>(152.473)</b>	<b>(55.800)</b>	<b>(52.860)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>							
Viðskiptastaða eigin fyrirt., breyt. ....		(50.638)	(7.664)	(40.460)	0	0	0
Afborganir langtímalána .....		(29.231)	(38.514)	(43.276)	(85.312)	(96.164)	(110.623)
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	12	(16.302)	0	(13.517)	(16.302)	0	(13.517)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<b>(96.171)</b>	<b>(46.178)</b>	<b>(97.253)</b>	<b>(101.614)</b>	<b>(96.164)</b>	<b>(124.140)</b>
<b>Hækkun handbærs fjár</b> .....		<b>(16.263)</b>	<b>(31.952)</b>	<b>(38.302)</b>	<b>(16.272)</b>	<b>(48.203)</b>	<b>(38.613)</b>
<b>Handbært fé í upphafi árs</b> .....		<b>88.532</b>	<b>88.532</b>	<b>126.833</b>	<b>88.544</b>	<b>88.544</b>	<b>127.157</b>
<b>Handbært fé í lok árs</b> .....		<b>72.269</b>	<b>56.580</b>	<b>88.532</b>	<b>72.273</b>	<b>40.341</b>	<b>88.544</b>

## Heildaryfirlit um rekstur ársins 2017

	Skatt-tekjur	Framlög jöfnunar-sjóðs	Aðrar tekjur	Samtals tekjur	Laun og launatengd gjöld	Breyting lífeyris-skuldb.	Annar rekstrar-kostnaður	Afskriftir	Samtals rekstrar-gjöld	Fjármunat. og (fjár-magnsgj.)	Rekstrar-niður-staða	Fjárhags-áætlun
<b>Aðalsjóður</b>												
00 - Skatttekjur .....	428.404	135.546		<b>563.950</b>							<b>563.950</b>	548.835
02 - Félagsþjónusta .....		32	6.095	<b>6.127</b>	13.613		17.120		<b>30.733</b>		<b>(24.606)</b>	(31.032)
03 - Heilbrigðismál .....			1.667	<b>1.667</b>			3.508		<b>3.508</b>		<b>(1.841)</b>	(1.223)
04 - Fræðslu- og uppeldismál .....			27.664	<b>27.664</b>	211.006		60.009		<b>271.015</b>		<b>(243.351)</b>	(233.550)
05 - Menningarmál .....			28.469	<b>28.469</b>		8.317	63.786		<b>72.102</b>		<b>(43.634)</b>	(45.863)
06 - Æskulýðs- og íþróttamál .....			23.137	<b>23.137</b>	23.221		53.349		<b>76.570</b>		<b>(53.433)</b>	(55.263)
07 - Brunamál og almannavarnir .....			14.264	<b>14.264</b>	0		26.455		<b>26.455</b>		<b>(12.191)</b>	(12.874)
08 - Hreinlætismál .....			17.478	<b>17.478</b>	0		23.745		<b>23.745</b>		<b>(6.267)</b>	(6.664)
09 - Skipulags- og byggingamál .....			6.674	<b>6.674</b>	965		18.577		<b>19.542</b>		<b>(12.868)</b>	(17.823)
10 - Umferðar- og samgöngumál .....			11.806	<b>11.806</b>	0		33.734		<b>33.734</b>		<b>(21.928)</b>	(22.337)
11 - Umhverfismál .....			2.479	<b>2.479</b>	13.509		2.791		<b>16.300</b>		<b>(13.822)</b>	(17.034)
13 - Atvinnumál .....			24.665	<b>24.665</b>	21.306		17.599		<b>38.905</b>		<b>(14.240)</b>	(19.803)
21 - Sameiginlegur kostnaður .....			13.937	<b>13.937</b>	40.087		27.500		<b>67.587</b>		<b>(53.649)</b>	(54.560)
22 - Breyting lífeyrisskuldbindinga .....						30.446			<b>30.446</b>		<b>(30.446)</b>	(39.500)
28 - Fjármagnsliðir .....										(16)	<b>(16)</b>	(3.222)
<b>Aðalsjóður samtals</b>	<b>428.404</b>	<b>135.579</b>	<b>178.335</b>	<b>742.318</b>	<b>332.026</b>	<b>30.446</b>	<b>348.172</b>		<b>710.644</b>	<b>(16)</b>	<b>31.657</b>	<b>(11.913)</b>
<b>Aðrir sjóðir og stofnanir í A hluta</b>												
Eignasjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			71.623	<b>71.623</b>			16.798	14.927	<b>31.725</b>	(4.604)	<b>35.293</b>	8.410
Áhaldahús Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			39.810	<b>39.810</b>	37.109		16.816	1.129	<b>55.054</b>		<b>(15.244)</b>	(19.779)
Millifærslur .....			(112.242)	<b>(112.242)</b>			(112.242)		<b>(112.242)</b>			
<b>Aðrir sjóðir og stofnanir samtals</b>			<b>(810)</b>	<b>(810)</b>	<b>37.109</b>		<b>(78.628)</b>	<b>16.056</b>	<b>(25.463)</b>	<b>(4.604)</b>	<b>20.049</b>	<b>(11.369)</b>
<b>Rekstur sveitarsjóðs samtals</b>	<b>428.404</b>	<b>135.579</b>	<b>177.525</b>	<b>741.508</b>	<b>369.135</b>	<b>30.446</b>	<b>269.544</b>	<b>16.056</b>	<b>685.181</b>	<b>(4.620)</b>	<b>51.706</b>	<b>(23.282)</b>
<b>Sjóðir og fyrirtæki í B hluta</b>												
Hafnarsjóður Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			190.866	<b>190.866</b>	28.073		68.272	22.650	<b>118.995</b>	(17.777)	<b>54.094</b>	22.753
Vatnsveita Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			29.259	<b>29.259</b>	4.131		11.468	807	<b>16.406</b>	(1.067)	<b>11.786</b>	4.235
Fráveita Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			20.672	<b>20.672</b>			7.404	5.942	<b>13.345</b>	(5.302)	<b>2.025</b>	3.288
Leigugeignir Seyðisfjarðarkaupstaðar .....			3.723	<b>3.723</b>			1.708	268	<b>1.976</b>	(1.910)	<b>(164)</b>	(1.797)
Félagslegar íbúðir Seyðisfirði .....			12.859	<b>12.859</b>			3.793	1.291	<b>5.084</b>	(3.600)	<b>4.175</b>	454
Millifærslur .....			(30.423)	<b>(30.423)</b>			(30.423)		<b>(30.423)</b>			
<b>Sjóðir og fyrirtæki í B-hluta samtals</b>			<b>226.956</b>	<b>226.956</b>	<b>32.204</b>		<b>62.222</b>	<b>30.958</b>	<b>125.383</b>	<b>(29.656)</b>	<b>71.917</b>	<b>28.933</b>
<b>Rekstur A og B hluta samtals</b>	<b>428.404</b>	<b>135.579</b>	<b>404.481</b>	<b>968.464</b>	<b>401.339</b>	<b>30.446</b>	<b>331.766</b>	<b>47.014</b>	<b>810.565</b>	<b>(34.276)</b>	<b>123.623</b>	<b>5.651</b>

# Efnahagsyfirlit 2017

	Samtals A - hluta stofnanir	Hafnar- sjóður	Vatns- veita	Fráveita	Leigu- húsnæði	Félagsl. íbúðir	Samtals B - hluta stofnanir	Milli- færslur	Saman- tekinn reikningur
<b>Eignir</b>									
<b>Fastafjármunir</b>									
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>									
Fasteignir .....	529.466	107.148			6.277	100.104	213.530		742.996
Hafnarmannvirki .....		174.405					174.405		174.405
Veitumannvirki og gatnakerfi .....	70.956		34.248	112.861			147.109		218.064
Vélar, áhöld og tæki .....	29.501	6.252					6.252		35.753
	<b>629.923</b>	<b>287.805</b>	<b>34.248</b>	<b>112.861</b>	<b>6.277</b>	<b>100.104</b>	<b>541.295</b>		<b>1.171.218</b>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>									
Eignarhlutir í félögum .....	87.253	904					904		88.157
Langtímakröfur .....	8.202								8.202
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	20.159							(20.159)	
	<b>115.615</b>	<b>904</b>					<b>904</b>	<b>(20.159)</b>	<b>96.360</b>
<b>Fastafjármunir</b>	<b>745.538</b>	<b>288.709</b>	<b>34.248</b>	<b>112.861</b>	<b>6.277</b>	<b>100.104</b>	<b>542.199</b>	<b>(20.159)</b>	<b>1.267.577</b>
<b>Veltufjármunir</b>									
<b>Skammtímakröfur</b>									
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakr. ....	65.502	18.602	3.561			157	22.320		87.822
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki - B .....	168.922	63.124	35.273				98.397	(267.319)	
Næsta árs afborgun langtímakrafna - B .....	4.565							(4.565)	
Aðrar skammtímakröfur .....	6.102	17.150					17.150		23.252
Handbært fé .....	72.269	4					4		72.273
<b>Veltufjármunir</b>	<b>317.359</b>	<b>98.879</b>	<b>38.834</b>			<b>157</b>	<b>137.870</b>	<b>(271.883)</b>	<b>183.346</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>1.062.897</b>	<b>387.588</b>	<b>73.082</b>	<b>112.861</b>	<b>6.277</b>	<b>100.262</b>	<b>680.069</b>	<b>(292.043)</b>	<b>1.450.923</b>

# Efnahagsyfirlit 2017

	Samtals A - hluta stofnanir	Hafnar- sjóður	Vatns- veita	Fráveita	Leigu- húsnæði	Félagsl. íbúðir	Samtals B - hluta stofnanir	Milli- færslur	Saman- tekinn reikningur
<b>Skuldir og eigið fé</b>									
<b>Eigið fé</b>									
Eigið fé .....	<b>342.743</b>	105.108	56.795	(102.521)	(48.623)	(51.957)	<b>(41.199)</b>		<b>301.544</b>
	<b>342.743</b>	105.108	56.795	(102.521)	(48.623)	(51.957)	<b>(41.199)</b>		<b>301.544</b>
<b>Skuldbindingar</b>									
Lífeyrisskuldbindingar .....	<b>313.741</b>								<b>313.741</b>
<b>Langtímaskuldir</b>									
Skuldabréf hjá Lánasjóði sveitarfélaga .....	<b>101.456</b>	107.131	16.042	69.048			<b>192.221</b>		<b>293.677</b>
Skuldabréf hjá öðrum lánastofnunum .....	<b>113.227</b>	149.592			11.937	134.019	<b>295.548</b>		<b>408.775</b>
Innborganir búseturéttarhafa .....						12.409	<b>12.409</b>		<b>12.409</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - B .....					24.724		<b>24.724</b>	(24.724)	
Næsta árs afborganir .....	<b>(28.460)</b>	(34.523)	(3.046)	(7.824)	(4.901)	(4.523)	<b>(54.816)</b>	4.565	<b>(78.711)</b>
	<b>186.223</b>	222.199	12.996	61.225	31.760	141.906	<b>470.086</b>	<b>(20.159)</b>	<b>636.150</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>									
Viðskiptaskuldir .....	<b>56.070</b>	22.165					<b>22.165</b>		<b>78.235</b>
Skuldir við eigin fyrirtæki - B .....	<b>98.397</b>			145.139	18.219	5.563	<b>168.922</b>	(267.319)	
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	<b>28.460</b>	34.523	3.046	7.824	336	4.523	<b>50.252</b>		<b>78.711</b>
Næsta árs afborganir langtímaskulda - B .....					4.565		<b>4.565</b>	(4.565)	
Aðrar skammtímaskuldir .....	<b>37.263</b>	3.592	245	1.195	20	227	<b>5.279</b>		<b>42.542</b>
	<b>220.190</b>	60.280	3.291	154.158	23.140	10.313	<b>251.182</b>	<b>(271.883)</b>	<b>199.488</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar</b>	<b>720.154</b>	282.480	16.286	215.382	54.900	152.219	<b>721.268</b>	<b>(292.043)</b>	<b>1.149.380</b>
<b>Skuldir og eigið fé</b>	<b>1.062.897</b>	387.588	73.082	112.861	6.277	100.262	<b>680.069</b>	<b>(292.043)</b>	<b>1.450.923</b>

# Skýringar

---

## 1. Almennar upplýsingar

Starfsemi bæjarfélagsins er skipt í A og B-hluta, sbr. 60. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Til A-hluta telst bæjarsjóður, sem er aðalsjóður bæjarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Áhaldahús.

Til B-hluta teljast stofnanir bæjarfélagsins, fyrirtæki og aðrar rekstrareiningar sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu bæjarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B-hluta eru: Hafnarsjóður, Vatnsveita, Fráveita, Leigueignir og Félagslegar íbúðir.

Ársreikningur Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2017 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A-hluta starfsemi bæjarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. fyrir A og B hluta.

Fjárhagsáætlun Seyðisfjarðarkaupstaðar fyrir árið 2017 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og heildaryfirliti um rekstur.

## 2. Fjárhagsstaða

Í árslok 2017 er veltufjárhlutfall sveitarfélagsins 0,92 en var 1,09 í lok fyrra árs. Skammtímaskuldir umfram veltufjármuni voru um 16,1 millj. kr. í árslok 2017, en sama staða var jákvæð um 15,2 millj. kr. ári fyrr. Í fjárhagsáætlun ársins 2017 var gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri yrði 117,8 millj. kr. á því ári, en í reynd varð það 209,4 millj. kr.

## 3. Helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 138/2011, lög um ársreikninga, nr 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001, með síðari breytingum.

Við gerð ársreikningsins er fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur A hluta

Ársreikningur A-hluta tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Áhaldahúss. Í ársreikningnum eru færð út öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli þessarra sjóða.

### Samantekið A og B hluti

Samantekinn ársreikningur tekur til A-hluta og B-hluta fyrirtækjanna Hafnarsjóðs, Vatnsveitu, Fráveitu, Leigueigna og Félagslegra íbúða. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en öll veruleg viðskipti og viðskiptastöður á milli bæjarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru ekki meðtalin í honum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

# Skýringar

## 3. Helstu reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga.

Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra.

Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum er kunna að verða á innheimtu skatttekna.

Þjónustutekjur eru tekjufærðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi og reikningur gerður fyrir henni.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

### Gjaldfærslur á tímabil

Gjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Niðurfærslur eigna

Langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og færðar niður með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á reikningsárinu er færð í rekstrarreikning.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir bæjarsjóðs eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en á árinu 2001 voru eldri eignir þó færðar á matsverði sbr. þáverandi viðmiðun ráðuneytis sveitarstjórnarmála eða framreiknuðu upphaflegu kostnaðarverði, ef það lá fyrir. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum.

